

Haut 2009



Foreldrafélag og skólaráð 2009-2010

Meginmarkmið foreldrasamstarfs í Grunnskóla Seltjarnarness er að styðja samstarf heimila og skóla. Til að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði þurfa sem flestir foreldrar, kennarar, skólastjórnendur, skólaráð og skólanefnd að vera virkir í mótun skólasamfélagsins, hafa jákvæð viðhorf til skólans og samstarf foreldra. Á hverju ári kjósa foreldrar fulltrúa í foreldrafélag og stjórn foreldrafélagsins tilnefni tvo fulltrúa úr stjórninni í skólaráð sem kemur í stað foreldraráðs.

Efnisyfirlit

Foreldrafélag og stjórn	1
Skólaráð	1
Hvað er framundan	1
Fréttir úr skólalífni	2
Velferð barna	2
Foreldraróltið	3
Ertu bekkjarfulltrúi	3
Göngum í skólann	4
Forvarnarstefna	4
Félagsgjöldin	4
Ganglegir tenglar	4

Stjórn foreldrafélagsins

Erla Gísladóttir formaður	erla@atlantik.is
Sólveig Magnúsdóttir gjaldkeri	solly@vortex.is
Sigurlaug Vilhelmsdóttir ritari	sigurlaug.vilhelmsdottir@nasdaqomx.com
Anna Margrét Hauksdóttir	amh@ahv.is
Guðrún Jónsdóttir	gjonsdottir@gmail.com
Hulda Helgadóttir	hulda@hr.is
Hrefna B Björnsdóttir	hrefnab@vesturbæjarskoli.is fulltrúi í skólaráði
Sigríður Sigmarsdóttir	sigga@xnet.is fulltrúi í skólaráði

Með nýjum grunnskólalögum kemur skólaráð í stað foreldraráðs. Skólaráð Grunnskóla Seltjarnarness starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008

Hvað er framundan

Nóvember

21. laufabrauðsbakstur
frá 9:30 til 14.30

25. bókakynning á
bókasafninu kl. 17:00

Janúar 2010

Prettándabrennan
6. janúar

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalagd. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalagði og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin

verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Fréttir úr skólalífinu

Ávaxtastund

Ávaxtastundinni hefur verið mjög vel tekið. Margir eru í áskrift og eru nemendur ánægðir með úrvalið. Hver nemandi fær lítríka skál með mismunandi ávaxtabitum hverju sinni.


Gróttuferð

Þann 30. september fóru 5. bekkir ásamt umsjónarkennurum í afar velheppnaða ferð út í Gróttu. Leikið var

í fjörunni og fundu börnin margt áhugavert ss. skeljar, marglyttur, krabba og margt fleira.

Skólahlaup Valhúsaskóla 2009

9. september fór fram skólahlaup Való. Veðrið lék við þátttakendur. Allt starfsfólk skólans tók þátt í að aðstoða íþróttakennarana. Nemendur stóðu sig með þryðu og voru til fyrirmyndar í alla staði.



Skólaráðgjafar

Nemendur í 6. bekkjum hafa kosið sér tvo skólaráðgjafa, einn strákur og eina stúlku úr hverri bekkjardeild eða 6 fulltrúa. Þeir hafa þegar fundað með deildarstjóra og komið með hugmyndir fyrir veturinn. Þau hafa farið í kynnisferð í eldhúsið, ræddu við matreiðslumeistarann um matseðla og þátttöku nemenda í vali rétta á matseðilinn líkt og gert var síðasta vetur. Næsta verkefni er útigæsla nemenda en í boði er að sinna útigæslu í frímínútum yngri nemenda.

Hugum að velferð barna okkar

Á tímum óvissu í þjóðfélaginu er mikilvægt að huga að velferð barna, hvort sem um er að ræða heima fyrir eða annars staðar. Börn læra mikið af því hvernig fjölskyldan bregst við spennu af öllu tagi. Fjölskylda sem stendur af sér álag sem fylgir t.d. dauðsföllum, atvinnumissi eða öðrum áföllum dregur úr hættu á að börnin láti bugast og leiti m.a. á náðir fikniefna til þess að deyfa sársaukann. Fjölskylda sem leitar ráðgjafar og skýrir út fyrir börnunum hvers konar álag við er að eiga eykur líkur á að þau taki álag og spennu sem þau verða fyrir síðar á ævinni föstum tókum.

Höfum því í huga

- Jákvæð samvera barna með fjölskyldunni skapar öryggi.
- Börnin þurfa að finna að á þau sé hlustað og að þeirra nánustu séu ekki í hættu.
- Höldum fjölskylduvenjum og festu þó að mikið gangi á í samfélaginu.
- Notum matartíma fjölskyldunnar til að sinna þörfum barnanna fyrir jákvæða athygli.
- Útskýrum fyrir börnunum að framtíðin er björt þótt á móti blási í dag.
- Verum góð fyrirmynd þegar kemur að vanda og lausnum.
- Styðjum börnin til þess að takast á við mótlæti á uppbyggjandi hátt.
- Hlúum vel að þeim sem okkur þykir vænt um.
- Miklu máli skiptir að við tókum á þessum erfiðleikum þannig að við byggjum á styrkleikum okkar og leggjum áherslu á baráttugleði, bjartsýni og samkennd.



Foreldraröltið

Foreldraröltið er sjálfboðaliðastarf foreldra unglunga í Való og er starfrækt yfir vetrarmánuðina. Rölt er á föstudags- og laugardagskvöldum. Skipulag er unnið af Selinu í samvinnu við foreldrafélag. Bekkjarráðsfulltrúar 8, 9 og 10. bekkja fá úthlutað ákveðnum helgum en fulltrúarnir raða sjálfir foreldrum á vaktir. Reynslan af röltinu er góð en markmiðið er að virkja

foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglunga og koma í veg fyrir óæskilega hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið. Foreldraröltið gefur okkur foreldrum gott tækifæri á að kynnast og upplagt að fá sér kvöldgöngu um fallega Nesið í góðum félagskap.

Útivistarreglurnar

Foreldrar hittast í Mýró kl. 22.30 áður en rölt er af stað.



Ertu bekkjarfulltrúi hugmyndir að skemmtilegum bekkjarkvöldum

- Félagsvist
- Skákkvöld
- Göngutúrar (með leiðsögn) td. í Gróttu, Heiðmörk, Öskjuhlíð.
- Jólaföndur
- Sund
- Keila
- Bíó
- Gista í Gróttu
- Vasaljósaganga á Valhúsahæð
- Fjörufurð
- Matreiðslukvöld, bekkurinn býður foreldrum í mat
- Hjólaferð
- Piparkökubakstur
- Bingó
- Fá heimsókn frá "Spilavinum" og kynnast allskonar spilum sjá spilavinir.is

Göngum í skólann átakið október 2009



Átakinu „Göngum í skólann“ lauk formlega í Grunnskóla Seltjarnarness 11. september.

Átakið gekk vel og ánægjulegt hversu þátttakan í átakinu hefur vaxið á milli ára.

„Göngum í skólann“ er heimsátak og milljónir barna í yfir 40 löndum víðsvegar um heim taka þátt í átakinu árlega og er Ísland nú þátttakandi í þriðja skipti.

Markmið átaksins er að hvetja til

aukinnar hreyfingar, heilbrigðs lífsstíls, draga úr umferð við skóla, vekja vitund á ferðamáta og umhverfismálum ásamt kennslu um öryggi á göngu og hjóli.

Mikil umferð er alla jafna við skólana á morgnana og aðstæður ekki eins og best verður á kosið. Því er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn aðstoði börnin við að velja öruggustu leiðina í skólann. Þess má geta að gangbrautarvörður er ávallt við gangbrautina við kirkjuna.

Forvarnarstefna Seltjarnarness

Forvarnarstefna Seltjarnarness var samþykkt af bæjarstjórn í september 2009.

Stefnunni er ætlað að vera leiðbeinandi í forvarnarstarfi og miða að því að samhæfa störf þeirra aðila sem vinna með börn og unglunga.

Samráðshópur sem í eru fulltrúar frá lögreglu, kirkju, heilsugæslustöð og flestöllum stofnunum bæjarfélagsins sem sinna börnum og unglungum hittist reglulega nokkrum sinnum á ári og markar stefnu og aðgerðir í vímvörnum. Er þetta fjölskipaður hópur sem hefur starfað í 7 ár.

Nánari upplýsingar er að finna á:

<http://www.seltjarnarnes.is/media/frettir/net72p.pdf>

Félagsgjöldin

Félagsgjöldin verða óbreytt þ.e. kr. 1.500 á barn. Sú nýbreytni verður í vetur að innheimt verður í gegnum Mentor og fá foreldrar sendan póst til áminningar um greiðslu félagsgjalda. Við þetta sparast ca. kr. 100.000 í þjónustugjöldum.

Vert að skoða (gagnlegir tenglar)

Vitinn - Skólahandbók 2009-2010 <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/foreldrar/vitinn--skolahandbok/selid.is>
 seltjarnarneskirkja.is
 grottasport.is
 heimiliogskoli.is
 saft.is
 lydheilsustod.is
 óh.is
 grunnskoli.is